

Reykjavík, 10. október 2020

Til stjórnar Samfylkingarinnar

Til framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Til ritstjórnar að framtíðarstefnu Samfylkingarinnar fyrir landsfund 2020

EFNI: Málefnanefndir og stefna Samfylkingarinnar

Á stjórnarfundum Samfylkingarfélagssins í Reykjavík (SffR) þann 8. þ.m. voru drög að framtíðarstefnu Samfylkingarinnar og aðgerðaáætlun, ritstýrt af Heiðu Björgu Hilmisdóttur varaformanni, Þórarni Snorra Sigurgeirssyni ritara stjórnar og Karenu Kjartansdóttur framkvæmdastjóra, tekin til umfjöllunar.

Undanfari þessarar umfjöllunar er sá að SffR hélt tvo rafræna kynningarfundum í september sl. um drögin að framtíðarstefnu og aðgerðaáætlun. Á þessum tveimur fundum voru formenn málefnanefnda með kynningar þar sem þeir sögðu frá því hvernig starfi málefnanefndanna hafi verið til hagað og hverjar helstu niðurstöður þeirra voru. Á fundunum voru einnig fulltrúar ritstjórnar sem sögðu frá því hvernig ritstjórn hagaði sinni vinnu og svöruðu spurningum fundargesta. Í framhaldinu bauðst félagsfólki að skila inn skriflegum umsögnum, tillögum eða ábendingum til stjórnar SffR. Skemmst er frá því að segja að engar skriflegar athugasemdir bárust stjórn SffR.

Hins vegar voru rafrænu fundirnir þokkalega sóttir. Í umræðum á fundunum kom fram að fæstir formenn málefnanefnda voru sáttir við birtingarmynd starfs þeirra í drögum að framtíðarstefnu. Þá komu fundargestir einnig fram með ýmsar munnlegar athugasemdir sem gáfu til kynna að eitt og annað vantaði í stefnudrögin og að þau endurspegluðu ekki þá vinnu sem hafði farið fram í málefnanefndunum. Nefna má heil málasvið, menningu og listir; fjölmiðlun. Talsvert bar á óánægju með „formálann“ sem þótti ekki nógu „jafnaðarlegur“, svo sem með tilliti til samstarfsins við verkalyðshreyfinguna, og ekki taka á ýmsum brýnum úrlausnarefnum í samtíð og framtíð. Við leggjum til að þetta plagg verði geymt fram yfir landsfund og endurskrifað þegar stefna á einstökum sviðum liggur betur fyrir.

Á fundi stjórnar SffR 8. þ.m. var því samþykkt að leggja til við stjórn og framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar ásamt ritnefnd að lokaafurðir málefnanefnda sem skilað var til ritstjórnar verði sendar formönnum aðildarféлага Samfylkingarinnar. Þá vill stjórn SffR leggja áherslu á að tryggt verði að almennir félagsmenn fái tækifæri á því að koma að málefnanefndavinnunni fram að flokksstjórnarfundinum sem á að halda á tímabilinu 15. febrúar til 15. mars 2021. Stjórn SffR leggur einnig til að stefnuplaggið verði endurskoðað í heild sinni, í góðu og miklu samráði við málefnanefndirnar og formenn þeirra, þannig að tryggt sé að það sé þokkaleg sátt um efnistöð og stærstu drætti í stefnuskiðinu sem verður lagt fram á flokksstjórnarfundinum í byrjun árs 2021.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd stjórnar SffR

Ellen Calmon

forman Samfylkingarfélagssins í Reykjavík